

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2022****2023/EES/24/23****frá 8. júlí 2022****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1832 frá 24. október 2019 um breytingu á I., II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 89/656/EBE að því er varðar hreinar tæknilegar breytingar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 frá 24. október 2019 um breytingu I., III., V. og VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB að því er varðar hreinar tæknilegar breytingar ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1834 frá 24. október 2019 um breytingu á II. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 92/29/EBE að því er varðar hreinar tæknilegar breytingar ⁽³⁾.
- 4) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (tilskipun ráðsins 89/656/EBE):

„– **32019 L 1832:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1832 frá 24. október 2019 (Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 35).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 15. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB):

„– **32019 L 1833:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 frá 24. október 2019 (Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 54).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 16a (tilskipun ráðsins 92/29/EBE):

„– **32019 L 1834:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1834 frá 24. október 2019 (Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 80).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana 2019/1832, (ESB) 2019/1833 og (ESB) 2019/1834, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 35.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 54.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 80.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.